að stjórnarráðinu ekki lítist að samþykkja það, hafið þèr enn fremur beðið um, að yður verði til vitundar gefið, hvort þèr eigið að leitast við að koma á sættum með öðrum kostum, og þá hverir þeir eigi að vera, eða að heimta að málinu verði vísað til dóms og laga, eins og það nú er. 1867. 11. febrúar.

Útaf þessu skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar, að þar sem útgefendur „Íslendings" hafa gjört það sáttaboð, að landsprentsmiðjan skuli taka uppí skuld sína bæði nokkrar gamlar óvísar kröfur og það sem óselt er af blaðinu, og naumast mun ganga út nema sem umbúðapappír, þá verður stjórnarráðið að álíta sáttaboðið að því leyti alveg óaðgengilegt. Stjórnarráðið væri meira að segja að sínu leyti tilleiðanlegra til að gefa útgefendunum alveg upp nokkurn hluta skuldarinnar, ef að þèr, sem yfirstjórnendur landsprentsmiðjunnar, þykist geta svarað fyrir, er þèr hafið íhugað þau atriði, sem koma til greina við úrslit þessa máls, að gjöra ítarlegri uppástungu um það, en að öðrum kosti skal málssókninni fram haldið.

---

## 6. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, er löggildir auglýsing dómsmálastjórnarinnar 31. októbermán. 1864 á Íslandi. 11. febrúar.

Eins og yður mun vera kunnugt, herra stiptamtmaður (amtmaður), kom þegnleg bænarskrá[1] til dómsmálastjórnarinnar frá alþingi 1865 um, að konungur veitti dómsmálastjórninni allrahæst leyfi til, samkvæmt konunglegri tilskipun 12. júlímán. 1862 og auglýsingu dómsmálastjórnarinnar s. d., að lækka á sama hátt og í Danmörku verðið á ýmsum samkynja læknislyfjum og lyfjaefnum einnig á Íslandi, og enn fremur verðið á brenndu kalki, pottösku og hjartarhornsolíu.

Nú er skrifazt hefir verið á við hið konunglega heilbrigðisráð útaf þessu, skal yður kunngjört — um leið og þess skal

---

[1]) Sjá Tíðindi frá alþingi 1865. II., 526—27. bls.

1867. 11. febrúar. getið, að dómsmálastjórninni hefir þegar verið veitt leyfi það, sem hèr þarf með, í konungsúrskurði 1. maímán. 1862, er fenginn var áður en fyrnefnd konungleg tilskipun birtist, — yður til leiðbeiningar og til þess að þèr auglýsið það á hagfelldasta hátt: að auglýsing dómsmálastjórnarinnar 31. októbermán. 1864 um fast verðlag á eiturtegundum þeim, sem nefndar eru í tilskipun 1. aprílmán. 1796 smbr. opið brèf 19. aprílmán. 1843, og mestmegnis eru hafðar til iðnaðar og búsýslu, og á öllum almennum læknislyfjum, tilbúnum og ótilbúnum, sem eru seld í hópakaupum og án fyrirsagnar frá lækni, eða notuð eru, þó minna kveði að, til iðnaðar og búsýslu, er hèr með löggilt á Íslandi, og fylgja nokkur exemplör af auglýsingunni með brèfi þessu; að orðin „frá kaupmönnum þeim í Hamborg eða Lýbekk, sem selja ótilbúna læknisdóma" eiga að falla úr bæði í auglýsingunni sjálfri og í fyrirsögninni fyrir skránni A, og að í skrána A skal tekið „oleum cornu cervi foetidum (hjartarhornsolía) fyrir 1 ℔ og þaðan af meira". Þar sem svo er kveðið á í auglýsingunni, að á hverju ári skuli yfirskoða verðlagsskrána, skal þess þar að auki getið, að yfirskoðunin á, að því er snertir skrána B, að fara fram í hverri lyfjabúð, þegar lyfsölumennirnir eru búnir að fá verðlags-yfirskoðunina, sem heilbrigðisráðið lætur búa til á hverju ári, en að því er snertir skrána A, verða lyfsölumennirnir, þegar til þess kemur, að fara eptir þeim verðlagsskrám, sem síðast eru komnar frá kaupmönnum þeim, er verzla með slíka hluti. Þar sem alþingi hafði farið þess á leit, að verðið á brenndu kalki og pottösku væri líka lækkað, skal því að endingu við bætt, að, með því að tèðar vörutegundir verða að álítast frjáls kaupeyrir, verður lyfsölumönnunum ekki skipað sèrstaklega fyrir um það.

## Fylgiskjal.

### Auglýsing um fast verðlag fyrir lyfsölumennina á eiturtegundum þeim, sem nefndar eru í tilskipun 1. aprílmán. 1796 smbr. opið brèf 19. aprílmán. 1843, og mestmegnis eru hafðar til iðnaðar og búsýslu,

og á öllum almennum læknislyfjum, tilbúnum eða ótilbúnum, sem eru seld í hópakaupum og án fyrirsagnar frá lækni, eða eru notuð til iðnaðar og búsýslu, þó ekki kveði mikið að því. 1867. 11. febrúar.

Með konungsúrskurði 1. maímán. 1862, sem auglýstur er 12. júlímán. s. á., er dómsmálastjórninni veitt heimild til að setja sèrstaklega lágt verð fyrir lyfsölumennina, er þeir selja eiturtegundir þær, sem nefndar eru í tilskipun 1. aprílmán. 1796 smbr. opið brèf 19. aprílmán. 1843, og mestmegnis eru hafðar til iðnaðar og búsýslu, og sömuleiðis öll almenn læknislyf, tilbúin eða ótilbúin, sem eru seld í hópakaupum og án fyrirsagnar frá lækni, eða eru notuð til iðnaðar og búsýslu, þó ekki kveði mikið að því. Samkvæmt þessu er hèr með ákveðið, að þegar eitur þau og læknisdómar, sem til eru færð á skránum hèr aptan við, eru seld fyrir peninga útí hönd, og selt er eins mikið að vikt, og tiltekið er við hverja vörutegund um sig og þaðan af meira, þá skulu lyfsölumennirnir frá 15. nóvembermán. s. á. selja vörutegundir þær, sem færðar eru til á skránni A, og allar eru þess konar vörur, sem lyfsölumennirnir selja í sama ástandi, og þeir kaupa þær eða safna þeim, með því verði, að þeir taki ekki meira en þriðjungi ($33^1/_3$ af 100) meira fyrir þær, en þær fengist fyrir, hvenær sem er, ef þær væri pantaðar frá kaupmönnum þeim í Hamborg og Lýbekk, sem selja ótilbúna læknisdóma, en vörutegundir þær, sem færðar eru til á skránni B, og allar eru búnar til eða undirbúnar í lyfjabúðunum, fyrir $^2/_3$ af því verði, sem sett er á þær í verðlagsskrá lyfsölumannanna, þá er þær eru seldar í minnstum skömmtum, og þegar á að reikna það út, skulu $^1/_2$ skildíngar og stærri brot úr skildingum talin jöfn 1 skilding, en minni brot úr skildingum falla burt.

Verðlag það, sem ákveðið er á þenna hátt, skal endurskoðað á hverju ári.

Í dómsmálastjórninni 31. októbermán. 1864.

1867.
11. febrúar.

## A.

Skrá yfir læknisdóma, sem lyfsölumennirnir mega ekki selja með meiri ávinningi — þegar þeir eru keyptir fyrir borgun útí hönd, og keypt er eins mikið að vikt, og tiltekið er við hverja vörutegund um sig, og þaðan af meira — en $33\frac{1}{3}$ af 100 fram yfir það verð, sem þeir fengist fyrir ef þeir væri pantaðir frá kaupmönnum þeim í Hamborg eða Lýbekk, sem selja ótilbúna læknisdóma.

1 ℔ jafnt 500 grömmum eða 16 únsíum.

| | | |
|---|---|---|
| Acidum aceticum (óblandað edik) | $\frac{1}{2}$ ℔ | og meira, ætlað til iðnaðar. |
| Aether sulphuricus (nafta) . . . . | $\frac{1}{2}$ ℔ | — — |
| Aloe (alóe) . . . . . . . . . . . . | $\frac{1}{2}$ ℔ | — — |
| Agaricus albus (lerkiviðar-sveppur) | 1 ℔ | — — |
| Argentum nitricum crystall. (saltpètursúrt silfur með kristallslögun) . . . . . . . . . . . . . | $\frac{1}{4}$ ℔ | — — |
| Argentum nitricum fusum (vítissteinn) . . . . . . . . . . . . . | $\frac{1}{4}$ ℔ | — — |
| Arsenicum album (hvítt arseník) | 1 ℔ | — — |
| — citrinum (gult arseník) | 1 ℔ | — — |
| — rubrum (rautt arseník) | 1 ℔ | — — |
| Aurum muriatic. natronat. (klórkennt gull-natríum) . . . . . | $\frac{1}{128}$ ℔ | sama sem 1 drakma, og meira, ætlað til iðnaðar. |
| Barytta muriatica (klór-baríum) . | $\frac{1}{2}$ ℔ | og meira, ætlað til iðnaðar. |
| Cadmium sulphuricum (brennisteinssúrt kaðmíum) . . . . . . | $\frac{1}{2}$ ℔ | — — |
| Calcaria muriatica cruda (ótilbúið klórkalsíum) . . . . . . . . . . | 1 ℔ | — — |
| Cassia fistula (kassía) . . . . . . . | 1 ℔ | — — |
| Chloroformum venale (klórform) . | 1 ℔ | — — |

og verður kaupandinn fyrst að leggja fram sams konar skýrteini og fyrir fosfóreitri.

| | | |
|---|---|---|
| Cobaltum (kóbalt) . . . . . . . . | ½ ℔ | og meira, ætlað til iðnaðar. |
| Collodium (kollódíum) . . . . . . | ½ ℔ | — |
| Cortex canellæ albæ (hvítur kanelbörkur) . . . . . . . . . | ½ ℔ | — |
| — chinæ regiæ (kínabörkur) | ½ ℔ | — |
| Ferrum bromatum (brómjárn) . . | ¼ ℔ | — ætlað til iðnaðar. |
| — jodatum (joðjárn) . . . . . | ¼ ℔ | — — |
| — sulphuratum (brennisteinsjárn) . . . . . . . . . . . . . . . | 1 ℔ | — — |
| Flores chamomillæ vulgaris (kamómillublóm) . . | 1 ℔ | — |
| — — Romanæ (rómversk kamómillublóm) . . . | 1 ℔ | — |
| — sambuci (ylliblóm) . . . . . | 1 ℔ | — |
| Folia salviæ (salvíublöð) . . . . . | 1 ℔ | — |
| — sennæ (sennesblöð) . . . . . | 1 ℔ | — |
| — trifolii fibrini (horblaðka, kveisugras) . . . . . . . . . . . | 1 ℔ | — |
| Glycerinum (glýserín) . . . . . . . | ½ ℔ | — |
| Herba absinthii (malurt) . . . . | 1 ℔ | — |
| — cardui benedicti (korbendiktjurt) . . . . . . . . . . | 1 ℔ | — |
| — centaurii minoris (þúsundgyllinajurt) . . . . . . . . . | 1 ℔ | — |
| — melilothii (melótenjurt) . . | 1 ℔ | — |
| Hydrargyrum muriatic. corrosiv. (kvikasilfurs-súblímat) . . | ¼ ℔ | — ætlað til iðnaðar. |
| — oxydatum rubrum (rautt kvikasilfurilti) . . . . . . . . . . . | ¼ ℔ | — — |
| Jodum (joð) . . . . . . . . . . . . . | ¼ ℔ | — — |
| Kali causticum siccum (þurt brunakalíum) . . . . . . . . . . . . . | ½ ℔ | — — |
| — hydrojodicum (joð-kalíum) . . | ½ ℔ | — — |
| — hydrocyanicum (kýan-kalíum) . | ¼ ℔ | — — |
| Kreosotum (kreósót) . . . . . . . | ¼ ℔ | — — |
| Lichen carraghen (söl) . . . . . . | 1 ℔ | — |

1867.
11. febrúar.

1867. 11. febrúar.

Lichen islandicus (íslenzk fjallagrös) . . . . . . . . . . . . . . 1 ℔ og meira.
Lignum quassiæ raspat. (rifinn kvassía-viður) . . . . . . . . . 1 ℔ —
Natrum causticum (bruna-natron) ½ ℔ — ætlað til iðnaðar.
Oleum jecoris Aselli (lýsi) . . . 1 ℔ — —
— ricini natur. (ameríkönsk olía) . . . . . . . . . . . . . . 1 ℔ —
Radix bardanæ (búrrurót) . . . . 1 ℔ —
— chinæ (kínarót) . . . . . . 1 ℔ —
— sarsaparillæ (sarsaparillarót) 1 ℔ —
Sal acetosellæ (sýrusalt) . . . . . ¼ ℔ —
— thermarum Carolinens. artific. (Karlsbaðsalt) . . . . . . . . . 1 ℔ —
Zincum jodatum (joð-sink) . . . . ¼ ℔ — ætlað til iðnaðar.
— chloratum (klór-sink) . . . 1 ℔ — —

## B.

Skrá yfir læknisdóma, sem lyfsölumönnunum ber að selja — þegar þeir eru borgaðir útí hönd og keypt er eins mikið að vikt og ákveðið er við hvern um sig eða þaðan af meira — fyrir ²/₃ af verði því, sem sett er á þá í verðlagsskrá lyfsölumannanna, þá er þeir eru seldir í minnstum skömmtum.

1 ℔ jafnt 500 grömmum eða 16 únsíum.

Acidum phosphoricum dilutum (þynnt fosfórsýra) . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 1 ℔ og meira.
Aqua saturnina (blývatn) . . . . . . . . . . 1 ℔ —
— amygdalarum diluta (þynnt möndlavatn) . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 1 ℔ —
Arsenicum album pulverat. (hvítt arseníkdupt) 1 ℔ —
Balsamum saponis (sápu-smyrsl) . . . . . . 1 ℔ —
— opodeldoc (ópódeldok) . . . . . . . 1 ℔ —
Camphora grosse pulverata (mulin kamfóra) ¼ ℔ —

og skal verðið á einni únsíu lagt til grundvallar við reikninginn.

1867. 11. febrúar.

Camphora pulverata (kamfórudupt) . . . . . . ¼ ℔ og meira.
Ceratum cetacei (hvalamburs smyrsl) . . . . . ½ ℔ —
Conchæ præparatæ (tilbúnar ostruskeljar) . . ½ ℔ —
Confectio seminum cynæ (maðkasykur) . . . . ½ ℔ —
Cortex cascarillæ (kaskarilla-börkur) . . . . . 1 ℔ —
— aurantiorum conc. (saxað pómeranz-hýði) . . . . . . . . . . . . . . . . . . 1 ℔ —
— chinæ regiæ contus. (mulinn kínabörkur) ½ ℔ —
Cubebæ pulveratæ (kúbeber-dupt) . . . . . . ½ ℔ —
Emplastrum anglicum (enskur festiplástur) . ein tylft —
Fel tauri inspissatum (seydt nautsgall) . . . . ¼ ℔ —
Flores arnicæ concisi (söxuð volverlæblóm) . ½ ℔ —
— chamomillæ conc. (söxuð kamómillu-blóm) . . . . . . . . . . . . . . . . 1 ℔ —
— — Romanæ conc. (söxuð rómversk kamómillublóm) . . . . . . . . . . . . . . 1 ℔ —
— sambuci conc. (söxuð ylliblóm) . . . . . 1 ℔ —
Folia salviæ conc. (söxuð salvíublöð) . . . . . ½ ℔ —
— sennæ conc. (söxuð sennesblöð) . . . . . 1 ℔ —
— trifolii fibr. conc. (saxað kveisugras) . . 1 ℔ —
Globuli tartari martiati (járn-vínsteins-kúlur) . ½ ℔ —
Herba absinthii concisa (söxuð malurt) . . . . 1 ℔ —
— cardui benedicti conc. (söxuð korben-diktjurt) . . . . . . . . . . . . . . . . . 1 ℔ —
— centaurii minoris conc. (söxuð þúsund-gyllinajurt) . . . . . . . . . . . . . . . . 1 ℔ —
— melilothi conc. (söxuð melótenjurt) . . 1 ℔ —
Hydrargyrum præcipit. album (hvítt kvika-silfur-presípítat) . . . . . . . . . . . . . . . ¼ ℔ —
Kali carbonicum depuratum (hreinsuð pottaska) 1 ℔ —
Magnesia sulphurica pura (hreinsað enskt salt) 1 ℔ —
Mucilago gummi arabici (arabisk gummí-kvoða) ½ ℔ —
Oleum ricini filtratum (síuð ameríkönsk olía) 1 ℔ —
Pasta altheæ (altea-kökur) . . . . . . . . . . . 1 ℔ —
— cacao c. lichene carragheno (sjókólaðe með sölvum) . . . . . . . . . . . . . . . . . 1 ℔ —

og skal verðið á einni únsíu lagt til grundvallar við reikninginn.

1867. 11. febrúar.

Pasta cacao c. lichene islandico (sjókólade með íslenzkum fjallagrösum) . . . . . . . . 1 ℔ og meira.
Pulvis ad fumigationes muriatic. (reykelsi með jarðtegundum í) . . . . . . . . . . ½ ℔ —
— refrigerans (svalandi dupt) . . . . . . ½ ℔ —
Radix bardanæ conc. (söxuð búrru-rót) . . 1 ℔ —
— calami conc. (söxuð kalmus-rót) . . . 1 ℔ —
— chinæ conc. (söxuð kína-rót) . . . . . 1 ℔ —
— galangæ conc. (söxuð galanga-rót) . . 1 ℔ —
— gentianæ conc. (söxuð gentíana-rót) . 1 ℔ —
— salapis pulverat. (salep-rótar dupt) . . 1 ℔ —
— sarsaparillæ conc. (söxuð sarsaparilla-rót) 1 ℔ —

og skal verðið á einni únsíu lagt til grundvallar við reikninginn.

— rhei moscovitici concisa (söxuð rússnesk rabarbara-rót) $\frac{1}{16}$ ℔ og meira, og skal verðið á einni drökmu lagt til grundvallar við reikninginn.

Semina cynæ (maðka-fræ) . . . . . . . . . 1 ℔ og meira.
— lini contus. (mulið hörfræ) . . . . . 1 ℔ —
Species emollientes (mýkjandi jurtir) . . . 1 ℔ —
— pro decocto lignorum (tegundir í viðar-seyði) . . . . . . . . . . . . . . 1 ℔ —
— pectorales (brjóst-tegras) . . . . . . 1 ℔ —
— resolventes (dreifandi jurtir) . . . . 1 ℔ —
Succus liqviritiæ compositus (enskur lakrís) ¼ ℔ —
— sambuci inspissatus (þykkur ylli-lögur) 1 ℔ —
Syrupus cerasorum (kirsiberja-lögur). . . . 1 ℔ —

og skal verðið á einni únsíu lagt til grundvallar við reikninginn.

— rubi idæi (hindberja-lögur) . . . . . 1 ℔ —
— sacchari (sykur-lögur) . . . . . . . . 1 ℔ —
Tartarus depuratus venalis pulveratus (hreinsað vínsteins dupt) . . . . . . . . . . . . ½ ℔ —
Thea amara (rammt tegras) . . . . . . . . 1 ℔ —
— demulcens (slím-tegras) . . . . . . . . 1 ℔ —
Tinctura amara (rammir dropar) . . . . . . 1 ℔ —
— arnicæ (volverlæ-dropar) . . . . . . . ½ ℔ —
— chinæ composita (Whyts styrkjandi dropar) . . . . . . . . . . . . . . . . ½ ℔ —
— ferri pomati (eplasúrir járndropar) . ½ ℔ —

og skal verðið á einni únsíu lagt til grundvallar við reikninginn.

---